

Lúther á eylandinu

Viðtökur siðbótar á Íslandi frá sextánda til átjándu aldar

Hvergi verður þess vart í ritum Marteins Lúther (1483–1546) að hann hafi hugleitt Ísland sérstaklega. Eina skiptið sem vitað er til þess að hann hafi haft óbeina aðkomu að íslenskum kirkju- og þjóðmálum, var þegar hann las yfir kirkjuskipan Kristjáns þriðja sem gefin var út 1537.¹ Þar er Ísland ekki nefnt sérstaklega en prestar í Skálholti stifti samþykktu hana sem lög á Þingvöllum árið 1541 og norðlenskir klerkar tíu árum síðar. Með því gengu siðaskiptin formlega í garð á Íslandi. Breytinga í íslensku trúarlífi varð ekki vart þegar í kjölfar þeirra atburða heldur urðu þær nokkru síðar. Að öðru leyti verður ekki séð að Lúther hafði látið sig varða málefni þessarar fjarlægu þjóðar.²

Þessi grein er framlag til umræðu um áhrif Lúthers á íslenskt samfélag og menningu á fyrstu öldunum eftir að landið féll undir lútherskan sið, eða allt fram til átjándu aldar. Margt hefur verið ritað um þau mál en hér verður sjónum beint að þeim ritum siðbótmannsins sem voru þýdd á íslensku og því aðgengileg fólki hérlandis. Rannsóknartímabilið er tími rétttrúnaðar og heittrúnaðar, áhrifa upplýsingar var vart farið að gæta og rómantíkin var enn handan við hornið. Sú tilgáta liggur hér til grundvallar að ákveðnir þættir í kenningum Lúthers hafi verið framandlegir Íslendingum á þessu tímabili. Sárafátt rita hans hafi verið aðgengilegt íslenskum lesendum og fyrir vikið hafi landsmenn ekki getað kynnt sér þær hugmyndir er urðu hvatinn að siðaskiptunum. Höfundarverk siðbótmannsins hafi ekki haft þau beinu áhrif hérlandis sem vænta mætti í samfélagi sem gekkst undir evangelísk játningarrit. Eitt rita hans, *Fræðin minni*, sker sig þó úr og hefur haft grundvallarþýðingu þegar kom að því að móta hugarfar og festa í sessi samfélagsgerð og tengsl. Það var auk þess nátengt altarissakramentinu sem fær því í lok þessarar greinar nokkra umfjöllun með dæmum úr bréfa- og dómabókum íslenskra biskupa.

Flókin áhrifavaldur

Siðaskiptin áttu upptök sín í háskólum og eru samofin þeim samfélagsbreytingum sem urðu um það leyti í kjölfar byltingar í prenttækni. Hið ritaða mál skipaði því meiri sess meðal siðbótmanna en verið hafði í tíð miðaldakirkjunnar. Lúther taldi

¹ Martin Schwartz Lausten, *Reformationen i Danmark*, Kaupmannahöfn: Akademisk forlag, 1987, bls. 119 og 124, og sami höf. *Kirkeordinansen 1537/39: det danske udkast til Kirkeordinansen (1537), Ordinatio Ecclesiastica Regnorum Daniae et Norvegiae et Ducatum Slesvicensis Holstiae etc. (1537), Den danske Kirkeordinans (1539)*, útg. Martin Schwartz Lausten, Kaupmannahöfn: Akademisk forlag, 1989, bls. 9–37.

² Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 55–62.

ríkjandi guðfræði hafa fjarlæggt manninn Guði og skilyrt hjálpraðið við tiltekin góð verk. Hann taldi enga stoð vera að finna í Ritningunni fyrir slíkri afstöðu. Það var í anda þeirrar villu, að mati Lúthers, þegar páfinn tók að selja aflátsbréf til að fjármagna byggingu Péturskirkjunnar í Róm. Þann 31. október 1517 lagði Lúther fram greinarnar 95 sem sagan hermir að hann hafi neglt á kirkjuhurðina í Wittenberg. Sá atburður markaði upphaf siðaskiptanna.³ Siðbótarmenn unnu eftir þeirri hugsjón að miðla Guðs orði til fólks og rís þar einna hæst biblíuþýðing Lúthers sem kom út í heild sinni árið 1534.⁴

Þegar sú spurning er rædd hvaða áhrif Lúther kann að hafa haft á eitthvert tiltekið samfélag ber að hafa í huga að Lúther var maður tveggja tíma. Á það bæði við um þá staðreynd að hann var á vissan hátt fulltrúi þeirrar menningar sem kenna má við miðaldir og á öðrum sviðum boðar hann hugmyndir sem voru nýstárlegar.⁵ Sem dæmi um hið fyrra, er hann hluti menningar þar sem óttinn við reiðan Guð er leiðarstef og heimsmyndin í föstum skorðum. Hvað hið síðara varðar þá er nálgun hans einstaklingsmiðuð og tilvistarleg og gefur tóninn fyrir það sem í vændum var í álfunni. Hitt er þó mikilvægara að skipta má kenningum Lúthers í tvo meginþætti á löngum höfundarferli.⁶ Hinn ungi og róttæki Lúther beitti sér fyrir breytingum og uppgjöri við ríkjandi kirkjuskipan. Hann var óvæginn í gagnýni sinni í garð yfirvalda og vildi umbylta siðum og kenningum sem höfðu verið lengi við lýði. Sú afstaða hvíldi á túlkun hans á Biblíunni en Lúther taldi að *Ritningin* ætti ein að liggja til grundvallar í lífi kristins manns (l. *sola Scriptura*). Lúther talaði um að ritningartextinn sé ritaður „fyrir mig“ (l. *pro me*), þar sem lesandinn leitast við að skynja hvaða erindi það er sem Guð á við hann á síðum Ritningarinnar.⁷ Kristinn maður og kirkjan átti að setja allt sitt traust á *Biblíuna* og mannasetningar gátu ekki talist vera hinn guðlegi réttur (l. *ius divinum*) eins og tíðkast hafði í kanónísku réttarkerfi miðaldakirkjunnar. Lúther leit svo á að náttúru rétturinn væri sammanleg réttlætiskennd er ætti rætur að rekja til samvisku fólks. Hann væri ekki einskordaður við þá sem aðhylltust kristna trú.⁸

Afstaða Lúthers breyttist í kjölfar atburða sem má rekja til skrifna hans. Bændur í Þýskalandi gerðu uppreisn árið 1524 og fengu þeir innblástur frá ritinu *Til hins kristna aðals* þar sem Lúther hafði meðal annars hvatt landeigendur til að sýna leiguliðum mannúð.⁹ Einnig hafði sú kenning Lúthers mikil áhrif að kristinn maður eigi að lesa og túlka Ritninguna án aðkomu nokkurs milliliðar. Í krafti hennar réðst

³ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Guðfræði Marteins Lúthers í ljósi túlkunar hans á Jóhannesarguðspjalli 1535–1540*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 405–436; Jaroslav Pelikan, *Reformation of Church and Dogma (1300–1700): The Christian Tradition — A History of the Development of Doctrine*, Chicago: University of Chicago Press, 1984, bls. 148.

⁴ Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, *Marteinn Lúther: Úrral rita 1517–1523* 1, aðalþýð. Gunnar Kristjánsson, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.fl., Reykjavík: Skálholtsútgáfan/Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, 2017, bls. 16–17.

⁵ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 15–16.

⁶ Þess má geta að fyrirnefnd útgáfa á úrvali af ritum Lúthers tekur einmitt mið af þessari skiptingu þar sem fyrri bindið nær frá 1517 til 1523 og hið síðara frá 1524 til 1545.

⁷ John Dillenberger, „Preface to the Complete Edition of Luther’s Latin Writings“, *Martin Luther: Selections from his Writings*, þýð. John Dillenberger, New York: Anchor, 1962, bls. 12.

⁸ Um náttúru rétt í lútherskum skilningi, sjá Ditlev Tamm, „Om ret og religion i 1600-talet“, *1600-tallets ansikte*, ritstj. Sten Åke Nilsson og Margareta Ramsay, Symposier på Krapperrups Borg 3, Lund: Gyllenstiernska Krapperrupstiftelsen, 1997, bls. 107–120, hér 107–109; Paul Johannes Jørgensen, *Dansk strafferet fra Reformationen til Danske Lov*, útg. Ditlev Tamm og Helle Vogt, Kaupmannahöfn: DJØF, 2007, bls. 30–31.

⁹ Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals þýskrar þjóðar: Um siðbót þeirrar kristilegu stéttar árið 1520*, þýð. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012, bls. 50–59 og víðar.

leiðtogi bænda, Thomas Münster, og uppreisnarmenn gegn klaustrum og helgidómum. Uppreisnin var blóðug og loks guldu herir bænda mikið afhroð af hálfu skipulagðra sveita málaliða sem furstar tefldu fram. Lúther tók í upphafi eindregna afstöðu með bændum og kröfum þeirra, um það bera rit hans vitni, einnig rit hans gegn landeigendum. Eftir því sem ofbeldisverk færðust aukana í uppreisn bændanna hvatti hann þá til að finna aðrar leiðir til að rétta hlut sinn. Lúther snerist að lokum á sveif með landeigendum og yfirvöldum gegn alþýðu og í framhaldi af þessum atburðum kvað við nýjan tón í skrifum hans. Árið 1525 ritaði hann kverið *Gegn rænandi og myrðandi bændabópum* og þar hvatti hann til að gengið yrði gegn bændum af fullri hörku. Í þessum átökum reyndist Lúther talsmaður valdhafa og hefur sagan dæmt hann harkalega fyrir þá afstöðu sína.¹⁰

Upp úr þessu tók Lúther að beina spjótum sínum gegn stjórnleysi og félagslegri upplausn. Hann taldi að yfirvöld ættu að láta almenning finna fyrir refsingu Guðs og afleiðingum hennar. Þau væru sem verkfæri í þeim tilgangi og ættu þau ekki að hlífa þegnunum við hörðum úrræðum ef einhver ógnaði friði og skikkan samfélagsins. Kirkjan gæti ekki starfað ef glundroði ríkti í samfélaginu. Slíkt ástand taldi Lúther vera eina af afleiðingum þess að Guð reiddist mannlegu samfélagi og setti þar allt úr skordum. Með ströngum refsingum, festu og aga átti að koma í veg fyrir slíka óstjórn. Hugmyndir Lúthers um reiði Guðs voru að öðru leyti ekki frábrugðnar því sem almennt má ætla að hafi gilt á því sviði á þessum tíma. Að hans mati birtist reiði Guðs í hinum ytri veruleika mannsins, hamförum í umhverfi hans og alls kyns annarri óáran. Afbrot og alvarlegar misgjörðir leiddu hörmungar yfir lönd og lýði og miklu skyldi til kostað að halda röð og reglu.¹¹

Árið 1529 sendi Lúther frá sér *Fræðin minni* sem líta má á sem útlekkingu hans á kirkjuaga og hugmynd um ásættanlega samfélagsskipan. Ritið er útlekking á boðorðunum tíu sem eru túlkuð í ljósi skyldu hvers manns við Guð og náungann. Í framhaldinu er fjallað um trúarjátninguna, bænina, skírnina og loks altarissakramentið. Fyrst er því rætt um lögmálið og rétta breytni og svo er það fagnaðarerindið og trúin.¹² Þá kynnti hann hugmyndir sínar um mismunandi stéttir fólks (þ. Stand) í *Hústiöflunni* sem bætt var aftan við *Fræðin minni*. Taldi hann þær vera í samræmi við guðlega skipan.¹³ Fyrirkomulag þetta átti sér ýmsar birtingarmyndir, reglur, stofnanir, embætti og stigveldi í mannlegu samfélagi. Guð nýtir þjónustu margra hópa málefnum sínum til framdráttar. En af þessum mikla og margbreytilega fjölda dregur hann saman þrjár stéttir: embætti, hjónaband og veraldleg yfirvöld.¹⁴ Hér má því greina ríka viðleitni til að halda samfélaginu í föstum skordum og koma í veg fyrir átök á milli stétta og annarra hópa.

Þegar áhrif Lúthers á íslenskt samfélag eru metin verður að hafa í huga hversu ólík rit hans eru og afstaða hans frábrugðin eftir tímabilum og aðstæðum. Annars

¹⁰ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther*, bls. 194–205.

¹¹ Marteinn Lúther, *Um ánaud viljans 2*, þýð. Jón Árni Jónsson og Þór Jensson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003, bls. 68–83, og útlekking Lúthers á 90. Davíðssálm, Marteinn Luther, „Psalm 90“, *Selected Psalms 2*, Luthers Works 13, rittstj. Jaroslav Pelikan, þýð. Paul M. Bretscher, Saint Louis: Concordia Publishing House, 1956, bls. 77–111. Sjá einnig Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Guðfræði Marteins Lúthers*, bls. 105–147.

¹² Marteinn Lúther, *Fræðin minni ásamt bænnum og öðru hagnýtu efni*, útg. Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1993, bls. 42.

¹³ Marteinn Lúther, *Fræðin minni*, bls. 57–61. Sjá einnig Hilding Pleijel, *Hustavians värld: Kyrkligt folklin i äldre tiders Sverige*, Stokkhólmi: Verbum, 1979, bls. 9–24.

¹⁴ Sjá Paul Althaus, *The Ethics of Martin Luther*, 3. útg., þýð. Robert C. Schultz, Philadelphia: Fortress Press, 1982, bls. 36.

vegar eru það ádeilurit hans í garð kirkju og yfirvalda, sem leiddu að lokum til uppreisnar og ólgu. Hins vegar er það viðleitni Lúthers til að skapa festu og öryggi sem birtist hvað skýrast í *Fræðunum minni*. Í næsta kafla verður gerð grein fyrir því hvaða verk siðbótarmannsins voru aðgengileg Íslendingum á þessum fyrstu tveimur öldum eftir siðaskipti.

Lúther á íslensku

Við mat á því hversu mikil áhrif guðfræði Lúthers hafði á menningu og hugarfar á einstökum svæðum er gagnlegt að skoða hvaða efni það var sem prestar og almenningur höfðu aðgang að. Í *Kirkjuordinansúnni* eru taldar upp þær bækur sem prestar áttu að hafa tiltækar. Þetta er meðal annars Biblían, Kirkjupostilla Lúthers, Ágsborgarjåtningin, *Loci Communes* og *Fræðin minni*.¹⁵ Í Danmörku var mikið gefið út af verkum Lúthers þegar í kjölfar siðaskiptanna og var Peter Palladius (1503–1560) einkum afkastamikill við þýðingar. Þegar fyrir aldamótin 1600 höfðu helstu rit Lúthers verið gefin út í Danmörku. Þau voru kennd og lesin við háskólann og voru auk þess í eigu presta og efnameiri manna.¹⁶

Þegar lítið er til útgáfu á verkum Lúthers hérlendis blasir við önnur mynd. Að frátöldum sálum og *Fræðunum minni*, var aðgengi Íslendinga lítið að helstu verkum Lúthers. Það sem kom fyrir sjónir landsmanna voru einkum viðbætur við rit sem prentuð voru á íslensku.¹⁷ Hér verða talin upp verk Lúthers sem komu út frá siðaskiptum og fram til loka átjándu aldar á íslensku. Þessi upptalning leiðir í ljós að það er ekki fyrr en á allra síðustu áratugum sem ráðist var í að þýða og gefa út mörg af helstu verkum Lúthers sem áður höfðu ekki komið fyrir sjónir Íslendinga. Í sviga er greint frá því hvenær viðkomandi efni kom fyrst út:

- 1540 Formáli Lúthers að *Nýja testamentinu* (1534) í þýðingu Odds Gottskálkssonar (1514–1556) sem var prentuð í Hróarskeldu. Hann fylgdi einnig útgáfunni frá 1609.¹⁸
- 1555 Formáli Lúthers að sálmabók sinni (1545) kom sem viðauki við *Marteins-sálma* sem prentaðir voru í Kaupmannahöfn. Yfirskriftin er: „Öllum kristnum lesurum náð og friður í Christi vorum Drottne“. Bókin hefur að geyma sálma í þýðingu Marteins biskups Einarssonar (d. 1576) sem hann valdi ásamt Peter Palladiusi Sjálandsbiskupi og einnig messuhandbók fyrir presta með nokkrum prédikunum. Fullur titill er: *Ein kristileg handbók, íslenskuð af herra Marteini fyrir kennimenn í Íslandi og korrigeruð af Doctor Petre Palladius með þeim hætti sem hér finnst í hans formála*.¹⁹ Sami formáli birtist árið 1589 með Sálmabók Guðbrands biskups Þorlákssonar (1541–1627) ásamt textanum: „Enn önnur heilræði dr. Mart. Luth.“ Sálmabók Guðbrands kom út undir

¹⁵ *Diplomatarium Islandicum/Íslenzkt fornbréfasafn* 10, 1169–1542, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1911–1921, bls. 158.

¹⁶ Anna Vind, „Lutherreceptionen i 1500-tallets og 1600-tallets Danmark“, *Reformationen 1500-tallets kultur revolution*, ritstj. Ole Høiris og Per Ingesman, Árósum: Aarhus universitetsforlag, 2017, bls. 115–135, hér einkum 118–122.

¹⁷ Sjá Klemens Jónsson, *Saga prentlistarinnar á Íslandi*, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1930, bls. 28–38; „Bókaskrá“, Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn, Reykjavík, sótt 14. janúar 2018 af <https://bokaskra.landsbokasafn.is>.

¹⁸ Marteinn Lúther, „formale“, *Þetta er hid Nýja testament: Jesu Christi eiginleg orð...*, þýð. Oddur Gottskálksson, Hróarskeldu/Roschylld: án útg., 1540, bls. A3b–7a; Marteinn Lúther, „Formale yfer hid Nýja Testa mentum, D. Marth. Luth.“, þýð. Oddur Gottskálksson, Hólum í Hjaltadal: án útg., 1609.

¹⁹ Marteinn Lúther, „Formale docter Martinus Luter ollum kristum leserum Nad ok fridur i Christo vorum Drottne“, *Ein Kristilig handbog...*, útg. Peter Palladius, þýð. Marteinn Einarsson, Kaupmannahöfn: Hans Vingaard, 1555.

- heitinu *Ein ný sálmabók: Með mörgum andlegum sálmum, kristilegum lofsöngvum og vísum, skikkanlega samansett, aukin og endurbætt*. Í mörgum seinni útgáfum bókarinnar er sami viðbætur hafður með.²⁰
- 1579 Formáli Lúthers að verki Caspars Huberinus (1500–1553): *Um Guðs reiði og miskunn* (1529) var birtur í þýðingu Ólafs biskups Hjaltasonar (ca. 1491?–1569) frá 1565. Yfirskriftin er: „Til hvers og eins góðs kristins manns.“²¹
- 1580 Formáli Lúthers að *Sýraksbóke* (1533) var gefinn út með þýðingu Gissurar biskups Einarssonar (1512?–1548) árið 1580.²² Með *Orðskviðum Salomons* fylgdi einnig formáli Lúthers, líka í þýðingu Gissurar.²³
- 1591 Útdrátt Lúthers á Davíðssálmum (1524) var að finna í viðauka með samantekt samtímamanns Lúthers, Veits Dietrich (1506–1549), á ritum *Gamla testamentisins*. Ritið var gefið út í þýðingu Guðbrands.²⁴
- 1594 *Katekismus: Það er Christilegur lærðómur fyrir einfalda presta og predikara og húsbændur*, líklega í þýðingu Odds Gottskálkssonar. Verkið er eignað Lúther og er eitt eintak nú eftir í Konungsbókhöðunni í Kaupmannahöfn. Rit undir heitinu *Sá stærri katekismus* kom út árið 1688 í Skálholti í þýðingu sr. Árna Þorvarðssonar prests á Þingvöllum (1650–1702). Í athugasemd í bókaskrá segir að ritið sé ekki *Fræðin meiri* heldur ágríp úr *Fræðunum minni* og öðrum ritum.²⁵
- 1598 Fræðin minni fylgja myndskreyttu riti sem Guðbrandur gaf út árið 1598 og er samantekt á ýmsum sögum Biblíunnar auk píslarsögunnar í guðspjöllunum fjórum. Heiti þess er: *Passíonall písl og þína vors herra Jesú Christí: Saman lesin af þeim fjórum guðspjallamönnum með fögnum sígúrum og hjartnæmum guðlegum bænum — Ungdómnum og þeim einföldu til gagns og góða*. Ritið kom einnig út árið 1695 með sömu viðbót.²⁶
- 1599 Ári síðar kom út leikmannabiblía (l. *Biblia laicorum*) sem kennd er við Jóhann Aumann (fæðingar- og dánarár óþekkt), í þýðingu Guðbrands. Hún er, eins og segir í formála: „skýring og útskýring hins Litla Chatechismi þess loflega og dýrlega Guðs manns Martini Lutheri“. Með fylgja stuttar spurningar og svör fyrir ungmenni og einfalt almúgafólk eftir Lúther. Er þetta samantekt á *Fræðunum minni* á íslensku sem Guðbrandur kveðst hafa útlagt úr „saxnesku“. *Fræðin minni* voru gefin út sem sjálfstætt rit árið 1617 og rak síðan hver útgáfan aðra. Árið 1647 voru þau gefin út undir yfirskriftinni: *Sá minni*

²⁰ Marteinn Lúther, „Formale Doct. Mart. Luth. yfer sijná Psalma Bok“, *Ein ný sálmabók*, Hólum í Hjaltadal: Guðbrandur Þorláksson, 1589, bls. [2a–b].

²¹ Marteinn Lúther, „Martini Lutheri Formali Til huers og eins gods Christins Mans“, Caspar Huberius, *Um Guðs reiði og miskunn*..., þýð. Ólafur Hjaltason, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1565, bls. A6b–7b.

²² Marteinn Lúther, „Formale yfer Bokina Jesu Syrach D. Mart. Luth.“, *Jesús Syrach á norrænu*, þýð. Gissur Einarsson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1580, bls. A1b–3b.

²³ Marteinn Lúther, „Formale yfer Orðzkuida Bokina Salomonis: D. M. L.“, *Salomonis orðskviðir*, þýð. Gissur Einarsson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1580, A2a–5b.

²⁴ Marteinn Lúther, „Summaria yfer Psalltarañ Samsett Af D. Martin. Luther“, *Summaría yfir það gamla testamentið*, útg. Veit Dietrich, þýð. Guðbrandur Þorláksson, Núpufelli: án útgefanda, 1591.

²⁵ Marteinn Lúther, *Katekismus: Það Er, Christeligur Lærdomur, Fyrir einfalda Presta og Predikara og Hwsbændur, D. Mart. Luth.*, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1594.

²⁶ Marteinn Lúther, „So hefur sa æruverduge Guds Madur Doct: Martinus Luther, skrifad vm þann Passíonall“, *Passíonall: Písl og þína vors Herra Jesú Kristi*, þýð. Guðbrandur Þorláksson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1598.

- katekismus*.²⁷ Þetta rit var því sett saman með almenning í huga og fólk þekkti til þess.
- 1600 Guðbrandur gaf út predikanir Lúthers yfir sunnudaga föstunnar, í þýðingu Guðmundar Einarssonar frá Staðastað (1568–1647). Yfirskrift verksins er: *Passíó: Það er, historían þínunnar og dauðans vors frelsara Jesú Christí — Skípt sundur í þrettán predikanir*.²⁸
- 1602 Samantekt Veits Dietrich yfir spámannabækur *Gamla testamentisins* kom út árið 1602 í þýðingu Guðbrands og með því fylgdi predikun Lúthers sem hann flutti í Wittenberg 1533, út frá 6. kafla Efeusbréfsins: „Um christinna manna herklæði, vopn og verjur.“ Kaflinn var endurútgefinn árið 1606.²⁹
- 1647 *Davíðssaltari*, eða Davíðssálmur, var gefinn út 1647 með formála Lúthers að Sálmunum og samantekt sem hann gerði um hvern sálm. Hann var endurprentaður árið 1675.³⁰
- 1688 Kver Hallgríms Péturssonar (1614?–1674), *Sjö guðrækilegar umþenkingar: Eður eintal kristins manns við sjálfan sig, hvörn dag í vikunni að kvöldi og morgni*, kom út í Skálholti. Í viðprenti „til uppfyllingar“ var að finna heilræði eftir Marteinn Lúther í þýðingu sr. Ólafs Guðmundssonar (1537–1609). Þau komu einnig út með þessu riti er það var endurútgefið fjórum árum síðar.³¹
- 1742 Inngangur Lúthers að sálmabók sinni fylgdi með sálmabók sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1742 að frumkvæði Jóns Skálholtsbiskups Árnasonar (1665–1743). Titillinn var: *Ein ný sálmabók íslensk: Með mörgum kristilegum lofsöngvum og vísu — Sömu leiðis nokkrum ágætum nýjum og nákvæmum sálmum, endurbætt Guði einum og þrennum, föður, syni og h. anda til lofs og dýrðar en innbyggjurum þessa lands til gleði, gagns og góða fyrir líf og sál*. Hún er byggð á sálmabók Guðbrands en var aukin. Sálmabók þessi kom einnig út árið 1746 á vegum bræðranna Péturs (1720–1795) og Sigurðar (1714–1794) Þorsteinssona. Var hún fyrir vikið nefnd *Bræðrabókin* eða *Pétursbók*. Inngangur Lúthers er þar einnig hafður með. Hið sama á við um sálmabókina frá 1751.³²
- 1745 *Stafrófskver*, kom út á Hólum í Hjaltadal. *Fræðin minni* voru prentuð í viðauka. Slík kver voru gefin út alloft, allt fram á miðja nítjándu öld og voru þá *Fræðin minni* látin fylgja með.³³
- 1796 *Lærdómsbók í evangelískum kristilegum trúarbrögðum handa unglíngum* kom fyrst út að Leirárgörðum við Leirá árið 1796. Hið íslenska landsuppfræðingarfélag

²⁷ *Biblia laicorum: Það er leikmannabiblíja...*, þýð. Guðbrandur Þorláksson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1599; Guðbrandur Þorláksson, „Aullum Kiennemönnum og Guds Ords Þienörum í Hóla Stigte“, bls. A2a–4b.

²⁸ [Marteinn Lúther,] *Passio: Það er historían þínunnar og dauðans vors frelsara Jesú Kristí*, þýð. Guðmundur Einarsson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1600.

²⁹ Marteinn Lúther, „Siette Capitule S. Páls Pistels til Ephesios: Vm Christennna Manna Herklæde, Vopn og Veriur“, *Summaría ... yfir allar Spámannabækurnar*, þýð. Guðbrandur Þorláksson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1602, bls. Kk3a; Marteinn Lúther, *Sjötti kapituli S. Páls pistils til Ephesios...*, þýð. Guðbrandur Þorláksson, Hólum í Hjaltadal: án útgefanda, 1606.

³⁰ Marteinn Lúther, „Formaalen yfer Psaltarann“, *Davíðssaltari*, útg. Þorleifur Magnússon, þýð. Guðbrandur Þorláksson, Hólum í Hjaltadal, 1647, bls. 1b–7b; sami höf., „Summaría yfer allan Psaltaran. D. Marth. Luth.“, sama rit, bls. Cc3a–Mm[5]a.

³¹ Marteinn Lúther, „Epterfylgiande Bladsijdu til uppfillingar setiast þesse Heilræde Doct. M. L. úr Þysku æale útlögd af S. Olafe Gudmundssyne“, *Sjö guðrækilegar umþenkingar*, útg. Hallgrímur Pétursson, Skálholt: án útgefanda, 1688, bls. D12a–b.

³² Marteinn Lúther, „Formali Doct. Martin Luthers yfir sijna Psalma Book“, *Ein ný sálmabók íslensk*, Kaupmannahöfn: Jón Árnason, 1742.

³³ Marteinn Lúther, „Sá Minne Catechismvs: Med Utleggingu D. Mart. Luth.“, *Stafrófskver*, Hólum: án útgefanda, 1745.

stóð fyrir útgáfunni og greiddi Björn Gottskálksson (1694–1749) kostnaðinn. *Fræðin minni* voru prentuð í viðauka. Rit þetta kom út margsinnis á komandi áratugum með *Fræðunum*. Höfundurinn er Nicolai Edinger Balle (1744–1816) og Einar Guðmundsson (1763–1817) þýddi.³⁴

Fátt var því þýtt af verkum Lúthers og sjaldnast gefið út oftár en einu sinni. Við þetta er reyndar að bæta að langflestir af sálum Lúthers voru þýddir á íslensku, eða 40 talsins, og hafa komið út í sálmabókum.³⁵ Auk sálma Lúthers höfðu *Fræðin minni* afgerandi stöðu í íslensku trúarlífi og voru þau, allt fram á tuttugustu öld, einu ritin sem gefin voru út sem sjálfstætt verk en ekki viðbót við aðrar bækur. Sú sérstaða helgast þó einkum af því að ritið er meðal játningarrita íslensku þjóðkirkjunnar.³⁶ Þegar fólk gekk til altaris þurfti það að kunna skil á *Fræðunum*, eða *katekismanum*, og var sú yfirferð hluti af skriftaferlinu.³⁷

Rýr hlutur Lúthers

Eins og sjá má af þessari samantekt kom aðeins lítið brot verka Lúthers út á Íslandi. Framlag Lúthers er að sama skapi fátæklegt sé tekið mið af annars auðugri útgáfu guðsorðabóka á Íslandi á tímabilinu.³⁸ Lúther var vissulega í hópi margra höfunda sem boðuðu evangelíska guðfræði. Aðrir þýskir guðfræðingar höfðu sterk tengsl við Danmörku og jafnvel enn meiri áhrif en Lúther, ekki síst Melancton. Einnig má nefna postillu Corvins (1501–1553). Hún kom út árið 1546 og hefur að geyma stuttar og einfaldar predikanir sem prestar gátu studst við.³⁹

Þetta vekur upp spurningar og ber að líta bæði til orsaka og afleiðinga. Annars vegar má spyrja hvers vegna ekki var meira gefið út á íslensku af þeim mörgu ritum og ritgerðum sem liggja eftir Lúther. Hins vegar er forvitnilegt að kanna hvernig íslensk guðfræði og trúarlíf mótuðust í ljósi þess að landsmenn lásu ekki meira af verkum hans en raun ber vitni. Það blasir því við að helstu verk siðbótarmannsins komu ekki út á íslensku, þar á meðal ofangreind verk sem hann gaf út á fyrri hluta ferils síns. Sjá má að ákveðin grundvallarrit Lúthers, sem komu út á fyrri hluta ferils hans, komu ekki fyrir sjónir íslenskra lesenda. Þar með birtast kenningar um réttlætingu af trú, sakramentin og safnaðar- og kirkjuskilning ekki nema í gegnum rit annarra höfunda.

Hvað varðar fyrri spurninguna má færa fyrir því rök að jarðvegur fyrir bækur Lúthers hér á landi hafi verið rýr og að íslenskir biskupar hafi ekki kallað eftir slíku

³⁴ Marteinn Lúther, „Sá litli Lúthers Catechismus“, *Lærdómsbók í evangelískum kristilegum trúarbrögðum*, útg. Björn Gottskálksson, Leirárgörðum við Leirá: án útfanda, 1796.

³⁵ Einar Sigurbjörnsson, „Martin Luther í ísländsk psalmtradition“, *Hymnologiske meddelelser*, 2/2002, bls. 113–120; Einar Sigurbjörnsson, „Sálmar Lúthers í íslenskum messusöng“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 175–192.

³⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Saga og mótun kristinna trúarjótninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristinnar — Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum*, 2. útg., Reykjavík: Skálholt, 1991, bls. 253–282.

³⁷ Einar Sigurbjörnsson, „Inngangur“, Marteinn Lúther, *Fræðin minni*, bls. 7; Guðbrandur Þorláksson, *Um það rétta kirkjunnar straff og lykjavaldid og aflausnina*, Hólum í Hjaltadal: án útfanda, 1596, bls. Eiii; Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720: Fyrirkomulag og áhrif*, Reykjavík: Háskólaútgáfan 2014, bls. 50.

³⁸ Um þetta fjallar doktorsritgerð Torfa K. Hjaltalín, sjá Torfi K. Hjaltalín, „elska Guð og biðja“: *Guðræknibókmenntir á Íslandi á lærdómsöld*, Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, 2016.

³⁹ Fullur titill er: *Kristileg handbók og lítið sálmakver: Postilla — Stuttar útskýringar þeirra Guðspjalla sem á öllum sunnudögum kringum árið predikuð verða — Samsettar fyrir fátæka sóknarpresta og húsbændur*, Rostock: án útfanda, 1546.

efni. Flestar voru þær ritaðar inn í fræðilegt umhverfi og ekki ætlaðar alþýðu. Það þarf því ekki að vera óeðlilegt að þær hafi ekki verið gefnar út hérlendis. Í þessu sambandi ber að líta til þeirra ólíku aðstæðna sem ríktu hérlendis og víðast á meginlandi Evrópu. Hin lúthersku siðaskipti áttu rætur að rekja til háskólasamfélaga og eins og fram kom hér að framan störfuðu siðaskiptafrömuðir í þéttbýli, ólíkt íslensku umhverfi. Íslenskir menntamenn á þessum tíma voru læsir á þýska tungu og þurftu ekki að styðjast við þýðingar. Þó gildi hið sama vitaskuld um danska menntamenn, þar sem mikið var engu að síður gefið út af verkum siðbótarmannsins á dönsku. Það efni sem gefið var út hér landi byggðist einkum á alþýðufræðslu og helgihaldi, það er að segja *Fræðin minni* og sálmakveðskapur. Kemur það heim og saman við þá mynd af trúarlegri menningu á Íslandi að hún hafi byggst á heimilisguðrækni.⁴⁰ Skólastarf var ekki nógu umfangsmikið til að standa undir útgáfu á ritum Lúthers í ríkara mæli en raun ber vitni. Annað blasir við ef litið er til Danmerkur. Rannsókn sem gerð var á bókakosti danskra presta um miðja sextánda öld benti til þess að þeir hefðu flestir átt ágætt safn verka Lúthers. Í einangruðum héruðum reyndist úrval rita hans vera talsvert minna en í þéttbýli, en engu að síður áttu klerkar er þjónuðu í slíku umhverfi helstu verk siðbótarmannsins.⁴¹

Einangrun landsins og þar með fjarlægðin frá svæðum þar sem aðrar kirkjudeildir voru við lýði kann að sama skapi að hafa dregið úr þeirri „þörf“ að halda ritum Lúthers að fólki. Nágrannar sem búa við ólíka menningu geta gegnt mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að móta sjálfsmynd samfélaga. Í eylöndum á borð við Ísland var vart að finna samanburð við hópa er aðhylltust aðrar játningar. Þörfin á að efla sérkenni og sérstöðu var í raun lítil. Þetta á í það minnsta við eftir að helsta umrót siðaskiptanna var um garð gengið. Kenningar og játningar aðgreina trúarleg samfélög hvert frá öðru og skapa sjálfsmynd þeirra. Átakatímar eins og á siðbreytingarskeiðinu reyndust frjósamur jarðvegur til kenningasmíði bæði meðal mótmælenda og Rómakirkjunnar sem knúin var til endurmats.⁴² Hér á landi náði guðfræðileg umræða aldrei á þann stað, væntanlega vegna þess að slík mál hafa mætt afgangi. Annað hefur haft forgang, eins og til dæmis efling miðstjórnarvalds, rit sem áttu að efla trúarlíf almennt og viðleitni yfirvalda til að móta menningu og háttsemi fólks. Í þessum anda hafa rit sjálfs siðbótarmannsins ekki þótt eiga brýnt erindi til almennings þegar kom að útgáfu guðfræðirita. Í raun hefur þessi staða verið ríkjandi hér á landi þar sem kærleiksboðskapur Krists hefur fyrst og fremst verið túlkaður sem almenn mannúðarhyggja án þess að skýr greinarmunur sé gerður á kirkjudeildum.⁴³ Afstaða Íslendinga til Lúthers sjálfs er að sama skapi blendin.⁴⁴ Rit „hins unga Lúthers“, sem komu út á átakatímum siðaskiptanna þar sem hann beindi spjótum sínum að valdhöfum og stofnunum kirkjunnar, hefðu getað skapað

⁴⁰ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Trúarhættir: Norran trú, kristni, þjóðtrú*, Íslensk þjóðmenning 5, Reykjavík: Þjóðsaga, 1988, bls. 78–79.

⁴¹ Anne Vind, „Lutherreceptionen i 1500-tallets og 1600-tallets Danmark“, bls. 123.

⁴² Sjá Alister Edgar McGrath, *The Genesis of Doctrine: A Study in the Foundations of Doctrinal Criticism*, Oxford, Cambridge MA: Blackwell, 1990, bls. 6; Skúli S. Ólafsson, „Prédikunin á eylandinu“, *Um prédikunina: Erindi flutt á málþingi í Skálholti 1.–2. nóvember 2004*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir, Mosfellsbæ: Kjalarnessprófastsdæmi, 2004, bls. 17–26.

⁴³ Hjalti Hugason, „Ímynd á nýrri öld: Viðbrögð við íslenskum kirkjuveruleika við upphaf 21. aldar“, *Kirkjuritið* 67:1/2001, bls. 26–47, hér 43–44; Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 417.

⁴⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson tekur saman túlkun tuttugustu aldar guðfræðinga á Lúther í *Guðfræði Marteins Lúthers*, bls. 59–86.

glundroða í samfélaginu. Þar ber mest á siðfræði, hugvekjum og ýmsum andlegu efni sem átti að móta almennt félagslega og trúarlega menningu. Hin sérlútherska boðun mætti þar afgangi.

Áhrif Lúthers

Flókið er að greina hvaða meginbreytingar urðu á íslensku samfélagi og trúarlífi með siðaskiptunum. Bent hefur verið á að finna megi sambærilegar breytingar á áhrifasvæði Lúthers í löndum sem enn voru rómversk-kaþólsk. Þar ber einkum að nefna aukið miðstjórnarvald og ýmsar umbætur á sviði kirkjumála.⁴⁵ Í tilefni af 500 ára afmæli siðaskiptanna var mikið fjallað um þessi mál. Í greinasafninu *Áhrif Lúthers* frá árinu 2017 fara höfundar yfir sviðið og lýsa bæði breytingum og hefðarfestu í kjölfar siðaskiptanna. Þar má nefna umfjöllun Hjalta Hugasonar um Pál Stígsson „bífalningsmann“, viðleitni hans til að innleiða breytingar á sviði helgisíða og baráttu gegn því sem hann taldi vera pápískar hefðir.⁴⁶ Loftur Guttormsson fjallar um konungsbréf frá 1635 um kverfræðslu og húsvitjanir. Hann spyr hvort viðleitni presta til að innræta ungmennum kverið hafi stuðlað að lestrarkunnáttu hérlendis, löngu fyrir tíð píetismans.⁴⁷ Niðurstaða Margrétar Eggertsdóttur um þá útgáfu sem Guðbrandur Þorláksson beitti sér fyrir er á sömu lund. Hún telur hann hafa stefnt að aukinni menntun hér á landi, bæði hjá leikum og lærðum.⁴⁸ Lúthersk sálmahefð fær ýtarlega umfjöllun hjá Einari Sigurbjörnssyni og hann sýnir fram á hversu víðtæk áhrif Lúther hafði á vettvangi messusöngs.⁴⁹ Þá komast Guðrún Harðardóttir, Gunnar Kristjánsson og Margaret Cormack öll að þeirri niðurstöðu að meðferð siðbótarmanna á skrautmunum, helgimyndum og kirkjurými hafi einkennst af virðingu og hefðarfestu. Heyrt hafi til undantekninga að spjöll hafi verið unnin eða róttækar breytingar gerðar.⁵⁰ Með sama hætti rekur Sveinn Yngvi Egilsson hvernig Hallgrímur Pétursson leitaði í íhugunarrit miðalda er hann samdi Passíúsálmana og annan trúarlegan kveðskap.⁵¹

⁴⁵ Hjalti Hugason, „Hverju breytti siðbreytingin? Tilraun til endurmats í tilefni af páfakomu“, *Kirkjuritið* 55:1–2/1989, bls. 71–99.

⁴⁶ Hjalti Hugason, „Skyldur lúthersks yfirvalds: Páll Stígsson og siðbótin á Íslandi“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 19–41.

⁴⁷ Loftur Guttormsson, „Konungsbréfið 1635 um kverfræðslu og húsvitjanir: Bakgrunnur og áhrif“, *Áhrif Lúthers*, bls. 43–67.

⁴⁸ Margrét Eggertsdóttir, „Frómum og guðhræddum, leikum og lærðum: Um Guðbrand biskup Þorláksson og þýðingar hans“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 145–174.

⁴⁹ Einar Sigurbjörnsson, „Sálmar Lúthers í íslenskum messusöng“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 175–192.

⁵⁰ Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti: Þættir úr þróunarsögu“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 195–214; Gunnar Kristjánsson, „Málverkmyndir, skurðgoð og líkneskjur: Um myndskilning siðbótarmanna og áhrif hans hér á landi í ljósi sögunnar“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 215–241; Margaret Cormack, „Voru helgimyndir eyðilagðar á Íslandi? Athugun á varðveislu dýrtingamynda fyrsta áratuginn eftir siðaskipti“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 243–260.

⁵¹ Sveinn Yngvi Egilsson, „Gegnum Jesú helgast hjarta í himininn upp ég líta má“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 277–297.

Afgerandi breytingar eru þó einnig raktar. Í umfjöllun sinni um jartein og furður, ræðir Ásdís Egilsdóttir um áhrif þessarar Íslendingar hættu að heita á dýrlinga í von um huggun og lausn, í kjölfar siðaskiptanna. Hún telur það hafa leitt til þess að ótti tók við af huggun og von, þar sem fólk var ofurselt náttúruöflunum og refsingu Guðs.⁵² Steinunn Kristjánsdóttir á ekki grein í þessari bók en hún hefur fjallað um þá meintu hnignun sem varð á Íslandi þegar klaustrin voru lögð niður án þess að nokkur stofnun fyllti skarð þeirra.⁵³ Afstaða hennar hefur verið tilefni talsverðar umræðu um þessi mál. Nefna má í því sambandi gagnrýni Hjalta Hugasonar þar sem hann gagnrýnir gildishlaðna dóma hennar á þessu sviði. Hann bendir á að aðrir þættir hafi fyllt í tómarúmið sem varð til við brotthvarf klaustranna, til dæmis biskupssetrin, spítalar og prestssetrin. Loftur Guttormsson hafði áður bent á að klaustrin hefðu að einhverju leyti starfað áfram eftir siðaskipti.⁵⁴

Slík umræða er viðameiri en svo að henni verði gerð skil í grein þessari enda er tilgangur hennar öðru fremur sá að benda á fátæklegt úrval rita Lúthers á Íslandi á rannsóknarskeiðinu. Sjá má að *Fræðin minni* eru það rit Lúthers sem mest áhrif hafði hérlendis. Þau byggjast á því, ólíkt fyrstu ritum hans, að festa í sessi þá samfélagsgerð sem var við lýði. Fólki var uppálagt að hlýða yfirvaldi sínu og sú róttækni sem birtist í elstu verkum Lúthers er þar víðs fjarri. Þá voru *Fræðin minni* samofin kirkjuaganum við undirbúning þess að fólk neytti altarisakramentisins. Prestur hlýddi þeim yfir textann og kunnátta í honum var forsenda þess að fólk gæti gengið til altaris. Yfirvöld kostuðu kapps um að miðla þeim hugmyndum til almennings og það hvernig hún var samofin sjálfu sakramentinu tengdi hana við sálhjálp einstaklinga og félagslega stöðu. Í tíð Rómakirkjunnar hafði almenningur ekki aðgang að altarinu nema einu sinni á ári og mátti þess á milli láta sér nægja að berja brauðið augum er klerkar neyttu þess í messum. Með reglulegri altarisgöngu að undan-gengnum skriftum varð sakramentið stærri hluti af trúarlífi fólks og *Fræðin minni* skipuðu því fastan sess í trúarlífinu við þann undirbúning.⁵⁵

Í því sambandi er rétt að skoða í víðara samhengi hvernig hugmyndir Lúthers um altarisakramentið mótuðu íslenskt samfélag, bæði klerka og almenning. Þar hefur vegið þungt sá ótti sem fólk bar til sakramentisins. Lúther leit svo á að Kristur væri nálægur brauðinu og víninu sem prestur hafði helgað með innsetningarorðum.⁵⁶ Af þeim hugmyndum spratt kenningin um neyslu hinna vantrúuðu (*manducatio impiorum*), sem gekk út á það að þeir sem ekki tóku við efnunum af trú og auðmýkt vanvirtu líkama Krists. Lúther talaði um að það væri eitru og dauði að eta líkama

⁵² Ásdís Egilsdóttir, „Jarteinir og furður, huggun eða ótti“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalta Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 263–275.

⁵³ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum: Klausturbald á Íslandi í fimm aldir*, Reykjavík: Sögufélag/Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 479.

⁵⁴ Hjalta Hugason, „Áhrif siðbótariðinnar á Íslandi: Tilraun til jafnvægisstillingar — Fyrri grein“, *Ritid* 1/2019, bls. 255–288, hér 276–278, sótt 20. apríl 2020 af

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/18418/61-Article%20Text-216-1-10-20190615.pdf?sequence=1>;

Hjalta Hugason, „Ritdómur: *Leitin að klaustrunum — Klausturbald á Íslandi í fimm aldir* eftir Steinunni Kristjánsdóttur...“, *Ritrid Gúðfræðistofnunar* 45/2017, bls. 64–69, sótt 17. mars 2020 af

<https://ojs.hi.is/titrodgudfraedistofnunar/article/view/2681/1442>; Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptum?“, *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellssþingi*, Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, bls. 158–175, hér 159.

⁵⁵ Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi*, bls. 34, 59 og víðar.

⁵⁶ Martin Brecht, *Martin Luther: Shaping and Defining the Reformation 1521–1532*, þýð. James L. Schaaf þýddi, Minneapolis: Fortress Press, 1994, bls. 160; Jan Lindhardt, *Mellem Djævel og Gud: En bog om Martin Luther*, Kaupmannahöfn: Gad, 2005, bls. 122–123.

Krists án rétttrar trúar og byggði þessa afstöðu á orðum Páls postula (1Kor 11.27–28).⁵⁷ Hann lagði út af orðum postulans með þessum hætti:

Með hvers konar guðleysi gæti hann enn frekar brotið gegn sannleika Guðs? Með þessu trúleysi gerir hann — að svo miklu leyti sem það er í hans valdi — Guð að lygara og að guði sem gefur innantóm fyrirheit.⁵⁸

Lúther varar því við því að ganga til altaris með röngu hugarfari. Annað gæti orðið „til dómsáfellis“. Þessi skilningur er áréttaður í kirkjuordinansíunni frá 1537 þar sem segir: „Ekki skal þeim [mönnum] heldur veitast heilagt altaris sacramentum til þeirra meiri fyrirdæmingar svo lengi sem þeir iðrast þess ekki er þeir hafa svo orðið opinberlega brotlegir“.⁵⁹

Heimildir frá Íslandi geyma dæmi um þann ótta sem fólk bar til þess að ganga óverðugt til altaris. Ein frágangssök í þeim efnum var ef fólk hafði ekki náð sáttum í kjölfar ágreiningsmála. Upp frá því gátu sprottið bréfaskriftir sem hafa varðveist í bréfabókum biskupa og gefa innsýn í þann hugarheim. Árið 1574 brýndi Guðbrandur Þorláksson fyrir prestum að leysa „hatursamlegan fjandskap“ fólks þó það vilji ekki fyrir áminningu prestsins „sættast og í friði vera“.⁶⁰ Þeir áttu því að halda sáttamiðlun áfram þótt fólkið sjálft vildi fá að vera í friði með sín ágreiningsefni. Þorlákur Skúlason sagði í bréfi árið 1652 að Kristur skipaði hverjum manni að sættast við bróður sinn: „Guð hefur oss í friðnum kallað, en ekki í erjum, aggi né óvild á meðal vor innbyrðis“.⁶¹ Ef ekki tókst að leysa úr erjum, enduðu mál hjá dómstól biskups. Hagsmunir fólust í því að ákveða hvað gera skyldi í ljósi þess að ósætti meinandi fólki að ganga til altaris.

Sem dæmi um úrræði kirkjuvaldsins má nefna mál Jóns Sigurðssonar að Þverá í Fnjóskadal, sem vildi ekki ganga til altaris.⁶² Þess er fyrst getið í bréfi frá 1667 þar sem Gísli Þorláksson biskup lýsti málsatvikum.⁶³ Frekari rannsóknir biskups og presta leiddu í ljós að Jón hafði staðið utan sakramentis í heil fjögur ár. Loks var það á prestastefnu að Hálsi í Fnjóskadal haustið 1672 að Gísli biskup höfðaði mál gegn Jóni á grundvelli þeirrar vanrækslu.⁶⁴ Var Jón inntur eftir skýringum á hegðun sinni og vísaði hann til þess að fjórum árum áður hefði honum sinnast við Eirík bróður sinn. Jón var áminntur leynilega og opinberlega „að hann skyldi betur láta sér um sín sálhjálparefni hugað vera“ en það bar engan árangur.⁶⁵ Komið var fram á sumarið 1682 og ekki hafði Jón látið sér segjast. Samkvæmt bréfi Friðriks konungs

⁵⁷ Erik Kyndal, *Nadverlære og nadverfællesskab: Den lutherske nadverlære kritisk belyst ud fra Ny testamente og den okumeniske samtale i nutiden*, Kaupmannahöfn: Gad, 1984, bls. 35.

⁵⁸ Marteinn Lúther, „Um Babylónsherleiðingu kirkjunnar“, *Marteinn Lúther: Úrval rita 1517–1523* 1, aðalþýð. Gunnar Kristjánsson, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.fl., Reykjavík: Skálholtsútgáfan/Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, 2017, bls. 199–260, hér 219–220.

⁵⁹ *DI X*, bls. 148.

⁶⁰ *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*, útg. Jón Þorkelsson og Páll Eggert Ólason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1919–1942, bls. 26–27.

⁶¹ *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, útg. Bjarni Vilhjálmsson og Jón Þ. Þór, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 1979, bls. 215.

⁶² *Íslenskar aviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* 3, útg. Páll Eggert Ólason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1950, bls. 260.

⁶³ *Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*, útg. Bjarni Vilhjálmsson og Júníus Kristjánsson, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 1993, bls. 63–67.

⁶⁴ *Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*, bls. 63, 64 og 66.

⁶⁵ *Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*, bls. 64–66.

þriðja frá 1650 um „hina forhertu og harðhnökkuðu“ mátti framselja fólk sem neit-
aði að ganga til altaris veraldlegu valdi til líkamlegrar refsingar.⁶⁶ Hafði Jón mátt
þola vandarhögg en ekki vildi hann láta undan. Hótanir um bannfæringu báru engan
árangur heldur.⁶⁷ Vissulega er þetta dæmi öfgafullt en það leiðir í ljós bæði ótta
leikmanns við að ganga óverðugur til altaris og margvísleg úrræði kirkju- og verald-
legs valds og viðleitni til að fá fólk til að sættast við Guð og náungann með góðu
eða illu.

Þegar komið er fram á átjándu öld hafa orðið nokkur þáttaskil í þeirri guðfræði
sem kennd var við Kaupmannahafnarháskóla og íslenskir biskupar höfðu lært er
þeir voru þar við nám. Á fyrsta embættisári Jóns Vídalín (1666–1720) á biskupsstóli
í Skálholti kom upp mál þar sem kapellán að nafni Jón Torfason hafði gert mistök
er hann um jólin 1698 veitti deyjandi konu hinsta sakramentið, að Breiðabólstað í
Fljótshlíð. Hann helgaði ekki brauðið og veitti konunni ekki aflausn og fyrir-
gefningu syndanna.⁶⁸ Heimilisfólk varð vitni að þessu og má í prestastefnudómum
biskupsins lesa viðbrögð þess og hneykslan, annars vegar, og svo hins vegar afstöðu
biskups í þessu máli. Jón virðist öðru fremur hafa haft áhyggjur af því uppnámi sem
varð í sveitinni. Eftir miklar bréfaskriftir og yfirheyrslur með aðkomu sóknarprests,
prófasts, sýslumanns og jafnvel konungs þá lyktaði málum á þann hátt að Jón
Torfason var dæmdur til vægrar sektar á þeim forsendum að yfirsjón hans hefði
„orsakast af óaðgætni og djúpum þönkum“.⁶⁹ Mál þetta var umfangsmikið en það
leiðir í ljós hversu ólíka sýn biskup hafði á þennan málaflokk sé litið til almennings.
Skýringa er vafalaust að leita í því að Jón Vídalín varð fyrir áhrifum heittrúarstefnu
á námsárum í Kaupmannahöfn. Þar eru hinir formlegu þættir í trúarlífinu, þar á
meðal iðrun og sakramenti, ekki hátt skrifaðir en megináhersla lögð á hugarþel fólks
og brennandi kærleika. Trúarstefna þessi miðaði að því að takmarka vægi kirkjunnar
sem stofnunar en auka þátt einstaklingsbundinnar trúar.⁷⁰ Ýmis dæmi má finna um
þessa hugsun í *Húspostillu* Jóns Vídalín árið 1718. Í predikun á páskadaginn talar hann til
dæmis um fólk sem leitar aflausnar hjá presti en sýni þess engin merki í hegðun sinni.
Hann varar við slíku og segir prestinn ekki vita „hvörjum hann fyrirgefur syndirnar því
að Guðs alleina er að rannsaka hjartað“. Syndarinn er vart „kominn frá prestsins hnjám“
er hann tekur að velta „sér í sama saur“. Hann vill ekki láta af því illa sem hann hefur
viðurkennt „og það í oftrausti náðar Guðs og fallvaltri von langra lífdaga“.⁷¹

⁶⁶ *Lovsamling for Island: Indeholdende Udvalg af de vigtigste aldre og nyere Love og Anordninger, Resolutioner, Instruktioner og Reglementer, Althingsdomme og Vedtægter, Kollegial-Breve, Fundatser og Gavebreve, samt andre Akstykker til Oplysning om Islands Retsforhold og Administration i aldre og nyere Tider*, 1, útg. Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, Kaupmannahöfn: Forlaget af Universitets-Boghandler Andr. Fred. Höst, 1853, bls. 235.

⁶⁷ Vilhelm Adolf Secher, *Corpus Constitutionum Danica: Forordninger, Recesser og Andre Kongelige Breve, Danmarks Lovgivning Vedkommende 1558–1660*, 4, ritstj. Adolf Secher, Kaupmannahöfn: Selskabet for Udgivelse af Kilder Til Dansk Historie, 1897, bls. 472.

⁶⁸ Um hann er fjallað í *Íslenzkum aviskráum* þar sem segir að hann hafi numið í Kaupmannahöfn og vígst til Breiðabólstaðar árið 1689 en um það leyti sem atburðirnir áttu sér stað hafi samkomulag hans og séra Magnúsar Jónssonar verið erfitt, sbr. *Íslenzkar aviskrár* 3, bls. 294.

⁶⁹ *Í nafni beilagrar guðdómsins þrenningar: Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalín árin 1698–1720*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 12, útg. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006, bls. 67.

⁷⁰ Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil“, *Luthersk páskpredikan i Norden 2: Traditioner och regioner*, ritstj. Sven-Åke Selander og Christer Pahlmblad, Stokkhólm: Nordisk ministerråd 2001, bls. 318–319; Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „Guð er sá, sem talar skáldsins raust“: *Trú og hugmyndafraði frá píetisma til rómantíku*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2006, bls. 28–40.

⁷¹ *Vídalínspostilla: Húspostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagagspjöll árið um kring*, útg. Gunnar Kristjánsson og Mördur Árnason, Reykjavík: Mál og menning, 1995, bls. 356–357.

Þrátt fyrir að smám saman drægi úr vægi altarissakramentisins voru *Fræðin minni* ríkur þáttur í trúarlífi landsmanna. Sú hugsun að ekki mætti ganga til altaris án rétrar trúarafstöðu, sat lengi í landsmönnum. Má í því sambandi benda á orð í *Helgakveru* sem var notað í fermingarfræðslu fram á tuttugustu öld. Eftir innsetningarorðin vitnar höfundur, Helgi Hálfðanarson (1826–1894), í *Fræðin minni* og segir: „En hver sem eigi trúir þessum orðum eða efar þau, hann er ómaklegur og óhæfur.“⁷² Hér er því kveðið við sama tón, þar sem altarissakramentið er tengt afstöðu þeirra sem þess neyta. Væntanlega hefur það haft áhrif á það hversu mjög dró úr altarisgöngum þegar komið var fram á níjándu öld og þvingunarúræði kirkjunnar voru ekki lengur til staðar.

Lokaorð

Íslenskt samfélag var um margt ólíkt lútherskum þjóðum á meginlandi Evrópu þar sem þróuð guðfræði var stunduð við fjölmenna háskóla. Þar hefur verið rík þörf fyrir rit Lúthers sem voru lesin og ígrunduð í akademísku umhverfi. Almennigur hefur vísast haft aðgang að sömu ritum og hérlendis, það er *Fræðunum minni* í einhverri útgáfu. Ekki má heldur líta framhjá þeim áhrifum sem það hafði á hugmyndafræði og trúarlíf þar sem hópar er aðhylltust aðrar játningar þjuggu í nærliggjandi héruðum. Slíkar aðstæður skerpa á kenningu og þörfin fyrir aðgreiningu mótar meira sjálfsmynd og sérstöðu fólks. Á Íslandi var slíkur samanburður ekki til staðar og því minni hvati en ella til að móta og þróa lútherska kenningu í þaula. Það kemur ekki síst fram í því hversu fá meginrita Lúthers voru gefin út hérlendis. Verkin sem komu út voru einkum hluti annarrar útgáfu og tengdust helgihaldi og trúarlífi. Sálmannir höfðu sérstöðu auk *Fræðanna minni* en þekking á þeim var forsenda fyrir því að geta gengið til altaris á fyrstu öldum eftir siðaskiptin.

Þegar leitast er við að greina hvað átt er við með „lútherskri guðfræði“ verður að hafa í huga hversu ólík boðun Lúthers var eftir því hvoru megin við tímabilið þar sem bændauppreisnin átti sér stað um ræðir. Fyrir bændauppreisnina voru hugmyndir Lúthers róttækar og báru það með sér að hann sá ekki fyrir sér að veröldin ætti eftir að verða langlíf. Því var ekki þörf á að móta flókna félagslega skipan. Í kjölfar þeirrar ólgu sem varð í Þýskalandi og má að einhverju leyti rekja til skrifa hans, tók hann að setja fram hugmyndir um samfélagsgerð sem náðu allt frá lægstu stéttum og upp til furstans. Með því hefur hann haft áhrif á afstöðu fólks hvers til annars og veitt yfirvöldum, hvort heldur var í þjóðfélaginu eða á heimilinu, guðfræðilegar forsendur fyrir hlutverki sínu og stöðu. Þetta hefur skipt máli og mótað félagslega og menningarlega þætti samfélagsins. Það var því sú hlið á kenningum Lúthers sem Íslendingar höfðu öðru fremur tækifæri til að tileinka sér. Loks er vert að hugleiða það hvernig altarisgangan, annað af tveimur sakramentum lútherskrar kirkju, skipaði aukinn sess í lífi fólks í kjölfar þess að hugmyndir Lúthers tóku sér bólfestu hérlendis og það hvernig *Fræðin minni* fléttuðust inn í þá athöfn.

⁷² Helgi Hálfðanarson, *Helgakveru*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 81, sjá einnig bls. 140–141.